

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Orkan IS ehf.  
kt. 680319-0730

Starfsstöð: Strandgata 12a, 735 Eskifjörður  
Fastanúmer: F217-0380

Leyfið gildir frá dd. mmm 2022 til dd. mmm 2034

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Eldsneytisafgreiðslu með þvottaplani

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Orkan IS ehf., kt. 680319-8730  
Starfsstöð: Strandgata 12a, 735 Eskifjörður  
Fastanúmer: F217-0380

Leyfið gildir frá dd. mmm 2022 til dd. mmm 2034

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir eldsneytisafgreiðslu með þvottaplani

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 13. janúar 2022

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.
- Efnalög nr. 61/2013 m.s.br.
- Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit
- Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi

### 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

Um er að ræða eldsneytisafgreiðslu þar sem selt er jarðefnaeldsneyti. Eingöngu er um að ræða sjálfsafgreiðslu.

Á lóðinni eru tveir neðanjarðar geymar frá 2008. Um er að ræða plastgeyma. Rýmið á milli er fyllt með vökva undir þrýstingi. Birgðarými þeirra er sem hér segir:

Geymir 1: 20.000 L - 95 oktan

Geymir 2: 20.000 L - Diesel

Ein afgreiðsludæla stendur á afgreiðsluplani.

Fráveita frá áfylli- og afgreiðsluplönnum eru leidd um sambyggða sand- og olíuskilju með sýnatökubrunnu að aftan.

Þvottaplanið er með aðstöðu fyrir allt að fimm bifreiðar í senn. Sandfang er á fráveitu við þvottaplanið.

Um starfsemina gilda m.a.:

- Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi

## 2. Almenn ákvæði og gildissvið

### 2.1. Ábyrgð starfsleyfishafa

Starfsleyfishafi er ábyrgur fyrir starfseminni og því að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum hverju sinni sem og fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfsemi sinnar og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Starfsemi rekstraraðila skal ávallt vera undir yfirumsjón starfsmanns sem þekkingu hefur á öllum búnaði starfstöðvarinnar og þeim starfsháttum sem starfsleyfið þetta kveður á um. Skal starfsmaðurinn jafnframt kunna skil á öðrum ákvæðum starfsleyfis og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda.

### 2.2. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal upplýsa útgefanda starfsleyfis tímanlega um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið. Við áform um slíkar breytingar skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfi eftir því sem við á. Ef fyrirhuguð breyting sem rekstraraðili áformar, sbr. 1. mgr. er umtalsverð skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfið.

### 2.3. Stöðvun rekstrar

Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Austurlands með minnst mánaðar fyrirvara um tímabundna rekstrarstöðvun eða varanlega rekstrarstöðvun og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megi út frágang á aðstöðunni.

Fjarlægja skal geyma, lagnir og annan búnað sem tengist starfseminni af og úr jörðu og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir í samræmi við fyrir fram gerða áætlun sem skal liggja hjá Heilbrigðiseftirlitinu og öðrum hlutaðeigandi. Komi í ljós mengun í jarðvegi skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf, og sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið. Niðurrif olúgeyma, olúskilja og lagna er byggingaleyfisskilt.

Heilbrigðisnefnd getur, ef ríkar ástæður krefja, heimilað að gengið sé frá olúgeymum á staðnum, ásamt lögnum tengdum, í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits.

### 2.4. Endurskoðun starfsleyfis

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags. Leiði endurskoðun eða breyting á starfsleyfi til breytinga á starfsleyfisskilyrðum skal útgefandi starfsleyfis auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur.

### 2.5. Valdsvið og þvingunarúrræði

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 3. Umhverfið, umhverfismarkmið og áætlanir

### 3.1. Umhverfismarkmið

Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

### 3.2. Umhverfisstjórnunarkerfi

Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

### 3.3. Viðbragðsáætlun

Starfsleyfishafi skal útbúa viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunin skal að lágmarki fela í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til heilbrigðiseftirlitsins. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi eða aðstæðum á starfsstöð, og yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg starfsmönnum og eftirlitsaðila.

### 3.4. Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun á sinn kostnað. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.

Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

### 3.5. Lóð og umhverfi

Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu og lóðarmörk virt. Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóð fyrirtækisins. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.

## 4. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun loftis, láðs og/eða lagar sem kannað stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind. Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.

### 4.1. Fráveitur

Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar og heilbrigðiseftirlits. Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður.

Olúskilja skal vera á fráveitu frá áfylli- og afgreiðsluplani eldsneytis. Olúskiljur skulu gerðar í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunnar um olúskiljur og gildandi staðla um olúskiljur, sbr. viðauka II í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, og hreinsa olíu niður fyrir 15 ppm í frárennslinu að lágmarki. Frárennsli sem í olúskilju fer skal renna um sandskilju.

Tryggt skal að aðstæður á vettvangi séu með þeim hætti að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli frá olúskilju og taka sýni úr frárennslinu.

Olúskiljur skulu útbúnar sjálfvirkum viðvörunarbúnaði. Viðvörunarbúnaður telst ekki virkur nema hann verði tengdur vaksíma eða á annan hátt séð til þess að viðbrögð verði tafarlaus ef búnaðurinn gefur frá sér viðvörun. Þangað til skal magn vökva í olúskilju mælt mánaðalega.

Allar nýjar olúskiljur skulu útbúnar lokunar búnaði ef olíurými í skiljunni er innan við 150 sinnum nafnstærð skiljunnar.

Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um olúskiljur. Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum skal skrá og dagsetja í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Viðurkenndur aðili með tilskilin leyfi skal annast tæmingar og skal það gert eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Starfsleyfishafi skal tryggja að mælingar á frárennsli sbr. kafla 5 í starfsleyfi þessu séu framkvæmdar.

#### **4.2. Mengunarvarnabúnaður**

Mengunarvarnarbúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum. Auk þess skal hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að olía geti borist í niðurföll.

Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um lokubúnað á olúskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður.

#### **4.3. Meðferð úrgangs**

Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br. og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br., eftir því sem við á.

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins og flokkaður eftir því sem tók eru á til endurvinnslu eða endurnotkunar.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

### **5. Prófanir og sýnatökur**

---

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

#### **5.1. Mælingar í frárennsli**

Rekstraraðili skal framkvæma mælingar á frárennslisvatni olúskilju á þriggja ára fresti. Rannsaka skal magn olíu og fitu í fráveituvatninu. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm (mg/L) af olíu í fráveituvatni frá skiljunni. Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka.

Nota skal sýnatökuaðila og rannsóknastofu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands samþykkir. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og einnig skráðar í gögn um innra eftirlit starfstöðvar.

#### **5.2. Þrýstiprófanir**

Rekstraraðili skal láta þrýstiprófa olíulagnir eftir breytingar og viðgerðir. Niðurstöður prófana og breytinga skal færa í rekstrarhandbók starfstöðvar.

#### **5.3. Sjálfvirkur búnaður**

Rekstraraðili skal láta prófa allan sjálfvirkan búnað, s.s. nema o.þ.h., árlega. Niðurstöður skulu skráðar í gögn um innra eftirlit starfstöðvar.

## 6. Handbók innra eftirlits, rekstrarhandbók

Rekstraraðili skal halda rekstrarhandbók fyrir starfstöðina sem skal vera aðgengileg fyrir umsjónaraðila starfstöðvar og eftirlitsaðila. Heimilt er að vista handbókina miðlægt.

### 6.1. Tæknilegar upplýsingar

Í handbókinni skulu koma fram tæknilegar upplýsingar um helstu mannvirki sem og olúgeyma, olú- og sandskiljur, olúlagnir og lagnakerfi, þ.m.t. fráveitulagnir, mengunarvarnir, slökkvibúnað, útsláttarrofa fyrir dælubúnað og dælu- og rafbúnað.

Halda skal skrá yfir olúgeyma þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram: nafn framleiðanda, staðsetning olúgeymis, olútegund, númer geymis, byggingarár, líftími olúgeymis sé hann uppgefinn, stærð og smíðastaðall. Ennfremur skal skrá tegund yfiryllivarnar og tegund lekaviðvörunar.

Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennislagna.

### 6.2. Innra eftirlit

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Krafa er um virkt og sýnilegt innra eftirlit, sem m.a. er fólgin í skráningu á eftirfarandi, eftir því sem við á:

- Eftirlit og meiriháttar viðhald, endurbætur og feril olúgeymis.
- Mánaðarlegt birgðauppgjör geyma.
- Eftirlit með millibyrði geyma.
- Þrýsti- og lekaprófanir á geymum og lögnum.
- Niðurstöður þykktamælinga á geymum.
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olú- og sandskiljum. Halda skal saman dagbókafærslum um reglubundið eftirlit starfsmanna með olúskilju, þ.e. dagsetning eftirlits og magn olú og sands í skilju.
- Vegna tæmingu á olúskilju skulu kvittanir fyrir þjónustu vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Á kvittunum skal koma fram dagsetning tæminga sem og upplýsingar um það magn sem var tekið.
- Rannsóknaniðurstöður af mælingum á olú í fráveituvatni frá olúskilju.
- Halda skal saman kvittunum fyrir spilliefnum sem starfstöðin skilar til viðurkenndrar móttökustöðvar, þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefna ásamt dagsetningu skilanna.
- Upplýsingar um prófanir á sjálfvirkum búnaði, s.s. á viðvörunarbúnaði og skynjurum, eftir því sem við á.
- Óhöpp og slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, sem og viðbrögð við þeim.
- Kvartanir m.t.t. umhverfismála.
- Fræðsla og þjálfun starfsmanna.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi